

Atvinnuveganefnd Alþingis
Alþingi við Austurvöll
101 Reykjavík

Reykjavík, 1. desember 2022.

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um fyrirkomulag matvælaframleiðslu til neyðarbirgða, 397. mál

Vísað er til umsagnarbeiðni atvinnuveganefndar Alþingis, dags. 17. nóvember sl., en þar var óskað eftir umsögn Samtaka fyrirtækja í landbúnaði (hér eftir „SAFL“ eða „samtökin“) um tillögu til þingsályktunar um fyrirkomulag matvælaframleiðslu til neyðarbirgða en um er að ræða þingskjal 434, 397. mál (hér eftir „þingsályktunartillagan“). Umsagnarfrestur rennur út 1. desember nk.

Í þingsályktunartillögunni er lagt til að Alþingi álykti eftirfarandi: *„Alþingi ályktar að fela matvælaráðherra að útfæra fyrirkomulag vegna neyðarbirgða landbúnaðar, furða sem hægt er að framleiða hér á landi við endurskoðun búvörusamninga árið 2023 þar sem markmiðið yrði að tryggja lágmarksbirgdir af landbúnaðar, furðum í landinu hveju sinni.“*

SAFL tekur undir meginefni þingsályktunartillögunar og telur jákvætt að hugað verði að fyrirkomulagi varðandi neyðarbirgdir. SAFL bendir þó á að skoða þarf í því samhengi möguleg áhrif slíkra aðgerða á afurðaverð innlendrar landbúnaðarframleiðslu. Í því sambandi skiptir mestu að ráðstafanir ríkisvaldsins miði að því að tryggja aðföng sem gera framleiðslu landbúnaðarvara hér á landi mögulega frekar en að auka innflutning t.d. erlendra landbúnaðarvara.

SAFL telur þó ennfremur mikilvægt að málið sé skoðað í víðara samhengi með hliðsjón af fæðuöryggi almennt. Hér skiptir m.a. annars vegar miklu máli að tryggt sé að fullnægjandi birgdir af aðföngum til framleiðslu landbúnaðarvara séu til staðar svo sem af fóðri, áburði og eldsneyti. Þá skiptir hins vegar miklu máli að umgjörð landbúnaðar sé með þeim hætti að byggð haldist og búrekstur sé stundaður um allt land og að réttir hvatar séu til staðar fyrir bændur til að halda áfram framleiðslu sem og að tryggja að eðlileg nýliðun eigi sér stað í stétt bænda. Mikilvægt er að endurskoðun búvörusamninga taki m.a. mið af þessum sjónarmiðum. Í því sambandi vísast til aðgerða norskra stjórnvalda og aðildarríkja ESB en umræddir aðilar tryggja fjárstuðning til þessara

málaflokka án þess að brotið sé t.d. gegn skuldbindingum þessara aðila samkvæmt Agreement on Agriculture (hluti GATT samningsins) frá 1994.

SAFL bendir einnig á að mikilvægt er í tengslum við efni þingsályktunartillögunar að tryggja rekstrarskilyrði afurðastöðva með fullnægjandi hætti. Framleiðsla landbúnaðarvara er margþætt og má, með nokkurri einföldun, skipta í frumframleiðslu bænda og úrvinnslu afurðastöðva. Þetta framleiðsluferli þarf að líta á heildstætt.

Í samráðsgátt stjórnvalda hafa verið birt drög að frumvarpi sem ætlað er að stuðla að endurskipulagningu og hagræðingu í slátrun og kjötvinnslu en umrætt frumvarp mælir fyrir undanþágu fyrir afurðstöðvar í sláturiðnaði frá samkeppnislögum. Í frumvarpsdrögunum segir m.a.:

„Markmið lagasetningarinnar er að styðja við endurskipulagningu og hagræðingu í slátrun og kjötvinnslu. Þá er með þessum tillögum lagt til að fylgt sé eftir þeim markmiðum búvörulaga að stuðla að framförum og aukinni hagkvæmni í búvöruframleiðslu og vinnslu og sölu búvara til hagsbóta fyrir framleiðendur og neytendur. Með aukinni hagkvæmni í slátrun má draga úr kostnaði við framleiðsluna sem er afar mikilvægt við eifðar aðstæður. Þá getur þessi heimild orðið til þess að fílyta fyrir endurnýjun í sláturhúsum og ýtt undir úreldingu síður hagkvæmra framleiðslueininga. Ef ekki verður aðhafst eru líkur á að enn muni aukast þöfin á hagræðingu og upptökkun verði í rekstri kjötafurðastöðva með cfyrirséðum byggða- og samfélagslegum áhr.fum þar sem þær staífa.“

Er þannig eitt af markmiðum frumvarpsdraganna að mynda skilyrði fyrir stærri og öflugri afurðastöðvar. SAFL bendir hins vegar á að því markmiði verður ekki náð nema afurðastöðvum séu búin sambærileg rekstrarskilyrði og tíðkast í þeim löndum sem við berum okkur saman við, m.a. með tilliti til undanþágu frá ákvæðum samkeppnislaga. Þannig verða til burðugri afurðastöðvar sem geta betur skipulagt framleiðslu landbúnaðarvara, hvort heldur sem á friðartímum eða þegar alvarlegar raskanir og/eða neyðarástand myndast vegna stríðsátaka, heimsfaraldrar eða náttúruvár.

SAFL telur því að burðugri afurðastöðvar geti stuðlað að og stutt við önnur stefnumál sem tengjast framleiðslu landbúnaðarvara og skyldum verkefnum, þ.m.t. með hliðsjón af neyðarbirgðum og fæðuöryggi almennt. Telur SAFL mikilvægt að þessi mál verði skoðuð heildstætt.

Fulltrúar samtakanna eru reiðubúnir að koma á fund nefndarinnar til frekari umræðu sé þess óskað.

Fyrir hönd
Samtaka fyrirtækja í landbúnaði

Margrét Gísladóttir

Margrét Gísladóttir
framkvæmdastjóri SAFL